



Reykjavík 3. apríl 2017

IE17010005

**Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík**

Erindi: Um ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016

Samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að nefndin hafi eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftirlit með ytri og innri endurskoðun og fari auk þess yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin hefur í samræmi við það fengið kynningu Fjármálaskrifstofu á handriti að ársreikningi Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 sem dagsett er 1.4.2017.

Fyrirhugað er að leggja ársreikning Reykjavíkurborgar fram í borgarráði 6. apríl 2017 í samræmi við ákvæði í 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Með hliðsjón af því bókaði endurskoðunarnefndin eftirfarandi:

Nefndin hefur í samræmi við hlutverk sitt átt fundi með stjórnendum Fjármálaskrifstofu, ytri og innri endurskoðendum, formanni borgarráðs og fleiri aðilum. Mál, sem varða reikningsskil Reykjavíkurborgar og B-hluta félaga og komu til umfjöllunar í nefndinni, verða til umfjöllunar í ársskýrslu nefndarinnar.

Með ársreikningi 2016 fylgir nú yfirlýsing um stjórnarhætti þar sem fram kemur að um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum, og samþykktir stjórnar sveitarfélagsins nr. 773 frá 13 ágúst 2013.

Reykjavíkurborg og samstæða hennar hefur skráð bréf á markaði og telur nefndin að út frá ákvæðum 66. greinar c. í ársreikningalögum 3/2006 séu fagleg rök til þess að Reykjavíkurborg líti til þess að fylgja stjórnháttarleiðbeiningum sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Jafnframt að stjórnháttaryfirlýsing fjalli með ítarlegri hætti en nú er gert um innra eftirlitskerfi borgarinnar og áhættustýringu.

Endurskoðunarnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli ofangreinds að ekkert bendi til annars en að ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016, sem verður lagður fram á fundi borgarráðs þann 6. apríl nk., teljist fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Ólafur Kristinsson, formaður nefndarinnar



Reykjavíkurborg

Fjármálaskrifstofa

R16120061

4. apríl 2017

Borgarráð

Áætlaðar tímasetningar vegna ársuppgjörs vegna ársins 2016

Hjálagt eru áætlaðar tímasetningar varðandi undirbúning og afgreiðslu ársreiknings vegna ársins 2016.

Drög að ársreikningi A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar hafa verið kynnt fyrir endurskoðunarnefnd borgarinnar og ytri endurskoðendum.

Drög að ársreikningi A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu fjármálaskrifstofu og fleiri fylgigögnum verða lögð fyrir borgarráð 6. apríl nk sem trúnaðarmál. Gert er ráð fyrir að borgarráð samþykki að ársreikningurinn sé tilbúinn til endurskoðunar á grundvelli bréfs endurskoðunarnefndar.

Á fundi borgarráðs 27. apríl nk. verður ársreikningur A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu fjármálaskrifstofu og fleiri fylgigögnum lagður fram að nýju. Ytri endurskoðendur munu á sama fundi leggja fram endurskoðunarskýrslu KPMG. Gert er ráð fyrir að öllum borgarfulltrúum gefist færi á að sækja fundinn undir þessum dagskrárlið til að hlusta á kynningu á ársreikningnum og skýrslu endurskoðenda og eftir atvikum spyrja um efni ársreikningsins.

Gert er ráð fyrir að borgarráð samþykki á þessum fundi að vísa ársreikningi til fyrri umræðu í borgarstjórn 2. maí. nk.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða verði í borgarstjórn á aukafundi borgarstjórnar 9. maí nk.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri